

*Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2909
komudagur 22. S. 2008*



Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. maí 2008

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um sjúkratryggingar.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sjúkratryggingar.

BSRB vill vanda til umsagnar um þetta frumvarp og mótmælir því þar af leiðandi mjög ákveðið ef til stendur að afgreiða frumvarpið sem lög nú í vor. Örfáir dagar eru síðan frumvarpið barst BSRB til umsagnar og gerist það í ofanálag mitt í öllum samtakanna við kjarasamningsgerð.

Um er að ræða tillögur um umfangsmiklar breytingar á skipulagi heilbrigðismála og er nauðsynlegt að fá gott tóm til að gaumgæfa þær á vandaðan og yfirvegaðan hátt, meðal annars með því að skoða reynslu erlendis frá. Í því sambandi leyfir BSRB sér að bjóða heilbrigðisnefnd Alþingis til morgunverðarfundar með Allyson Pollock frá háskólanum í Edinborg. Fundurinn verður haldinn í BSRB-húsinu fimmtudaginn 29. maí klukkan 8:15 – 9:45. Þar mun Pollock fjalla um reynsluna í Bretlandi af samsvarandi kerfisbreytingum og stjórnvöld hér vilja innleiða, m.a. með þessu frumvarpi.

BSRB mun síðar skila ítarlegri umsögn um frumvarpið en frábiður sér hvers kyns fljótaskrift við afgreiðslu málsins.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink that reads 'Helga Jónsdóttir'.

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri